

AUGLÝSING

35

15. marz

um viðauka við reglugerð nr. 38 16. apríl 1935, um sölu áfengis til lækninga.

Ef læknir ávísar vinanda (etanól) í lyfjablöndu til útvortis notkunar, er lyfsala skylt að láta úti í hans stað Spiritus bergamiae af samsvarandi styrkleika, nema læknir hafi tekið sérstaklega fram á lyfseðlinum, að nota skuli ómengaðan vinanda í lyfjablönduna.

Pegar Spiritus bergamiae er notaður í slíka lyfjablöndu, skal verðleggja hana í samræmi við verð á Spiritus bergamiae.

Spiritus bergamiae má einungis láta úti í slíkum blöndum og eingöngu eftir lyfseðli.

Spiritus bergamiae inniheldur: Aetheroleum bergamiae g 5, Spiritus alcoholi-satus g 995.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 15. marz 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

GJALDSKRÁ

36

16. marz

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvo kwst.mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósagjald kr. 1.60 á kwst., en á hinn mælinn 20 aurar á kwst. Suðu- og hitunartæki skulu vera fasttengd. Þó má tengja eldavél um sérstakan 25 amp. eldavélatengil og hafa einn tengil að auki í eldhúsinu fyrir suðutæki, strok-járn o. þ. h.
2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 20 aura hverja kwst. Auk þess greiðist fastagjald 30 aurar á mánuði af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar-herbergja. Enn fremur mælaleiga.

Pegar nægjanlegt rafmagn er fyrir hendi, er bæjarstjórn heimilt að lækka um tíma gjöld samkvæmt þessum lið, án staðfestingar ráðuneytisins, fyrir þá notkun, sem er umfram það, sem gert er ráð fyrir að fari til ljósa og suðu.

Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða þvilíkt er að ræða.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., þó skal minnsta árgjald vera kr. 140.00 á hvert kw. í málraun vélanna.